

Mánudaginn 2. nóvember 1953.

Nr. 43/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

**Hauki Thors** (Einar B. Guðmundsson).

**Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.**

Stóreignaskattur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz þ. á. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 59/1950, segir svo: „Til greiðslu á skattinum (þ. e. stóreignaskattinum) er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.“ Samkvæmt þessu fortakslausa lagaboði ber að taka til greina kröfur stefnda, enda hefur áfrýjandi viðurkennt, að framboðnar eignir séu fasteignir í merkingu nefnds lagaákvæðis. Verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Hauki Thors, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. marz 1953.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Haukur Thors framkvæmdastjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. apríl 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að honum sé heimilt að greiða stóreignaskatt þann, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, með síðar greindum fasteignum. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Í sambandi við fjárhæð skattsins hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á honum, ef það skyldi teljast rétt samkvæmt úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólunum varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með lögum nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, framleiðslugjöld o. fl., lögum nr. 59 frá 1950 og lögum nr. 117 frá 1950, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Í síðasta málslið 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 var svo ákveðið, að til greiðslu á skatti þessum væri heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið var í lögnum. Með ákvæðum a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 var ákvæði þessu breytt á þá lund, að aðeins væri heimilt að afhenda fasteignir sem greiðslu á skatti þessum.

Skattayfirvöldin gerðu stefnanda að greiða kr. 92.682.00 í stóreignaskatt. Þann 9. janúar 1952 ritaði stefnandi skattstjóranum í Reykjavík bréf, þar sem hann gat þess, að honum sjálfum, Kveldúlfi h. f. og þremur öðrum nafngreindum mönnum hefði verið gert að greiða samtals kr. 445.660.00 í stóreignaskatt. Sem greiðslu á skatti þessum bauð hann fram nánar tilgreindar fasteignir að Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu, eignir Kveldúlfs h.f., samtals að fasteignamatsverði kr. 130.000.00, ríkisskuldabréf að fjárhæð kr. 55.000.00 og kr. 660.00 í reiðufé. Í tilboði þessu eru fasteignirnar reiknaðar til greiðslu með þreföldu fasteignamatsverði samkvæmt reglum 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. síðasta málslið 8. mgr. 12. gr. sömu laga og a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950.

Þann 20. marz 1952 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík stefnanda, að greiðslutilboði þessu væri hafnað, að því er hann varðaði og hina þrjá tilboðsgjafana. Hins vegar var tilboðinu tekið, að því er varðaði Kveldúlf h.f. Skattur Kveldúlfs h.f. var talinn nema alls kr. 134.516.00. Þann 30. maí 1952 afsalaði Kveldúlfur h.f. síðan ríkissjóði fasteignum á Hesteyri, sem voru samtals að fasteignamatsverði kr. 44.800.00. Í þessu sambandi var vérðmæti eignanna reiknað sem þrefalt fasteignamatsverð eða kr. 134.400.00. Samkvæmt gögnum í máli þessu nemur stóreignaskattur stefnanda aðeins kr. 92.494.00 og stóreignaskattur Kveldúlfs h.f. kr. 56.381.00. Hefur því verið lýst yfir, að félaginu muni verða afhentar aftur fasteignir, sem það hefur þegar afsalað sem greiðslu á skattinum, með hliðsjón af skattlækkun þessari.

Í máli þessu hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði, að honum sé heimilt að greiða nefndan stóreignaskatt sinn með því að afsala ríkissjóði eftirtöldum fasteignum, sem allar eru á Hesteyri og eign Kveldúlfs h.f., en félagið hefur heimilað stefnanda að ráðstafa fasteignum þessum.

1. Salthús, fasteignamatsverð	.....	kr.	1.400.00
2. Bragga,	.....	—	28.000.00
3. Smiðju,	.....	—	500.00
			kr. 30.700.00

Krefst stefnandi þess, að í þessu sambandi verði eignir þessar taldar til greiðslu með þreföldu fasteignamatsverði eða á kr. 92.100.00. Að því er varðar nefnt salthús, þá hefur því þegar verið afsalað til ríkissjóðs sem greiðslu á stóreignaskatti Kveldúlfs h.f., en aðiljar eru sammála um, að því afsali muni verða rift og eignin afhent félaginu aftur.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum síðasta málsliðar 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, eins og þeim er breytt með ákvæðum a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950, sé heimilt að greiða stóreignaskattinn með fasteignum með því matsverði, sem til er tekið í lögnum sjálfum og notað var við ákvörðun skattsins. Fasteignir séu þannig gerðar að lómætum gjaldmiðli við greiðslu stóreignaskattsins. Í lögnum séu engin skilyrði sett, er takmarki þennan rétt, hvorki að því er varðar upphafstíma afsalsheimildar á fasteigninni né að fasteignirnar hafi verið skattlagðar. Stefndi sé því skyldugur til að taka við nefndum fasteignum sem greiðslu á stóreignaskattinum, enda hafi þinglesinn eigandi þeirra gefið heimild til þeirra ráðstafana.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stóreignaskattsgreiðendum sé aðeins heimilt að greiða skattinn með fasteignum, sem þeir hafi eignast fyrir 31. des. 1949 og hafi þannig verið skattlagðar með öðrum eignum þeirra. Bendir stefndi á, að heimild síðasta málsliðs 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 um að greiða megi skatt með fasteignum, sé algert undantekningarákvæði frá þeirri almennu reglu, að skatta skuli greiða með reiðufé. Í 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé meðal annars rætt um, að sé stóreignaskatturinn greiddur með veðskuldabréfum, þá skuli veðskuldabréfin tryggð með veðrétti í hinum skattlögðu eignum. Í framhaldi af þessum ákvæðum séu ákvæðin um, að heimilt sé að greiða skattinn með afhendingu eigna. Þessi ákvæði, sem séu í niðurlagi málsgreinarinnar, sé eðlilegast að skilja í samræmi við ákvæðin í fyrri hluta hennar, þannig að þar sé átt við að greiða megi skattinn með hinum skattlögðu eignum eða fasteignum, eins og síðar hafi verið ákveðið. Fasteignir þær, sem stefnandi bjóði fram sem greiðslu á hluta af skatti sínum, séu ekki hans eign og hafi ekki verið skattlagðar með eignum hans. Stefndi sé því ekki skyldugur að taka þær sem greiðslu á stóreignaskatti hans. Þá hefur stefndi bent á, að þegar virt séu markmið ákvæða laga nr. 22 frá 1950, þeirra, sem um stóreignaskatt fjalla, þá sé

ljóst, að það sé mjög óeðlilegt, ef ríkissjóður sé skyldugur að taka sem greiðslu á stóreignaskattinum alls konar fasteignir, sem skattgreiðendur hefðu aflað sér, eftir að lögin um stóreignaskatt voru sett.

Ákvæðin um að greiða megi stóreignaskatt með „eignum“ er að finna í síðustu setningu 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 og 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950. Í síðustu setningu 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir svo: „Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.“ Í a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 er setning þessi tekin upp óbreytt, nema í stað orðsins „eignir“ er sett orðið „fasteignir“. Í 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 eru ákvæði a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 tekin upp efnislega óbreytt.

Í lagaákvæðum þessum eru engar takmarkanir um það settar, hvenær skattgreiðandi þurfi að hafa eignast fasteign, til þess að hún verði talinn lögmætur gjaldmiðill til greiðslu stóreignaskattsins. Ekki er þar heldur um það rætt, að fasteignin þurfi að hafa verið skattlögð. Samkvæmt ákvæðum 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. lög nr. 59 frá 1950, getur gjaldþegn valið um þrjár leiðir til greiðslu stóreignaskattsins. Að greiða hann með reiðu fé, að greiða hann með skuldabréfum, tryggðum með veðrétti í hinum skattskyldu eignum og að greiða hann með fasteignum. Ekki verður talið, að slíkt samband sé á milli veðtryggingar skuldabréfanna og greiðslu með fasteignum, að ástæða sé til að telja, að ákvæðin um, að aðeins hinar „skattskyldu“ eignir séu veðhæfar, eigi einnig við, þegar greiða á stóreignaskatt með fasteignum. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að heimilt sé að takmarka frekar réttinn til að greiða skattinn með eignum en gert er í a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950.

Með vísan til þessa og þar sem ómótmælt er, að stefnandi hafi heimild til að ráðstafa fyrrgreindum fasteignum, verður að telja stefnda skylt að taka við þeim sem lögmætri greiðslu á stóreignaskatti stefnanda, að svo miklu leyti sem þær hrökkva til þess, en aðiljar eru sammála um, að rétt sé að reikna verðmæti þeirra í þessu sambandi þrefalt fasteignamatsverð. Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 16. júlí 1952.

#### Dómsorð:

Stefnanda, Hauki Thors, er heimilt að afhenda framangreindar fasteignir sem lögmæta greiðslu á stóreignaskatti þeim, sem honum var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.